

Kirkjuþing 2023-2024

35. mál - þskj. 35a

T I L L A G A

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 9/2021-2022 með síðari breytingu.

(Lagt fyrir 65. kirkjuþing 2023-2024).

Flutt af Stefáni Magnússyni.

Frsm. Stefán Magnússon.

1. gr.

1. máls. 1. mgr. 14. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Þeir fimm einstaklingar sem flestar tilnefningar fá, að teknu tilliti til 3. mgr., eru í kjöri til biskups Íslands eða vígslubiskups.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu.

Greinargerð.

Í 8.máli 65. kirkjuþings 2023-2024 er fjallað um tillögur að breytingum á starfsreglum um kosningu biskups og vígslubiskupa nr. 9 /2021/-2022. Gerðar voru breytingatillögur við það mál sem nú liggja fyrir þinginu til afgreiðslu.fyrir þinginu til afgreiðslu. Af tæknilegum ástæðum þarf að flytja sérstakt mál um þennan lið sem hér um ræðir.

Flutningsmaður telur eðlilegt að fjölga þeim valkostum sem kjörmenn hafa í biskups- og vígslubiskupskjöri. Það skapar meiri umræður um biskupskjörið og starf kirkjunnar í heild og virkar þannig jákvætt á ímynd kirkjunnar og þær kosningar sem í hönd fara hverju sinni. Þetta er lítið en mikilvægt skref í lýðræðisátt og virkar hvetjandi fyrir bæði frambjóðendur og kjósendur.